Aðalfundur árið 1997

var haldinn að Hótel Loftleiðum mánudagskvöldið 5 mai 1997.

Fundur var settur klukkan 20.10 af **Oddi Einarssyni** formanni klúbbsins. Fundarstjóri var kosinn **Albert Sveinsson** og fundarritari **Ólafur Ólafsson**.

Albert Sveinsson kom í ræðustól og staðfesti lögmæti fundar sem var auglýstur í Setrinu, DV mánudaginn 28/4 og DV mánudaginn 5/5.

Fyrsti liður aðalfundar var skýsla stjórnar

Oddur Einarsson flutti.
Í skýrslu sinni kom hann m.a. inn á að vandasamt verk hafi beðið núverandi stjórnar því í upphafi hafi staða klúbbsins verið svo sterk að erfitt væri að gera betur.
Þá fjallaði hann um sumarferðir klúbbsins á síðasta ári og árshátíð í oktober, landsfund Ferðaklúbbsins í september, hópferðir vetrarins og fleiri mál.
Þá fjallaði hann um fjárveitingu til Eyjafjarðardeildar og styrk til L.Í.V.
Að lokum þakkaði hann þeim fyrirtækjum sem styrkt hafa klúbbinn og félagsmönnum fyrir veturinn.

Annar liður var skýsla gjaldkera

Skúli Tryggvason flutti.
Fyrst útskýrði hann reikningsár klúbbsins sem er frá 1. mai 1996 til 22. apríl 1997.
Í skýrslu sinni sagði hann innheimtu félagsgjalda betri en í fyrra, (sem að hluta til væru eldri félagsgjöld). Hann sagði gistitekjur v. skála hefðu lækkað á árinu en vaxtatekjur hefðu u.þ.b. tvöfaldast vegna hagstæðrar ávöxtunar.
Hann fór yfir reikninga félagsins og útskýrði ýmsa liði.
Að lokum þakkaði hann gott hljóð.

Þriðji liður var umræða um skýslu stjórnar og gjaldkera.

Ríkarður Sigmundsson spurði um liðinn "Risna stjórnar"
Útskýrt var að það væri vegna ferðar stjórnarmanna og maka á veitingarhús.

Ásgeir Þorvaldsson spurði hve hátt **Setrið** væri tryggt.
Gjaldkeri sagðist ekki hafa nákvæm svör á reiðum höndum
Ómar Sigurðsson taldi að það væri yfir 8 milljónir.

Jón Bergsson ræddi um að ekkert væri um Sprengisandsferð í skýrslu klúbbsins. Hvort hún væri á vegum klúbbsins, en væri með sjálfstæðan fjárhag. Einungis kæmu fram kaup á fánum og talstöðvum.

Friðrik Halldórsson spurði um hvort framhald yrði á rekstri **Árbúða**. Einnig um styrki til deilda. Þá sagði hann að sér þætti lítil samkennd hjá félögum út á landi sem hefði komið fram í Sprengisandsferðinni.

Oddur Einarsson svaraði því til að samningur um **Árbúðir** rynni út í sumar og ósamið væri um framhaldið. Hann sagði að vegna innbrots í skálann væri tjón talið um 12 þúsund sem aðallega lægi í gaskútum sem stolið var. Þá væri peningakassi ónýtur. Athuga þyrfti að gisting í Árbúðum væri ekki ókeypis.
Hann sagðist ósammála lítilli samkennd.

Ekki komu fleiri fyrirspurnir um skýrslu stjórnar og var hún samþykkt samhljóða.

Fjórði liður var skýslur nefnda

Fyrstur kom **Friðrik Halldórsson** frá ritnefnd. Hann sagði að alls hefðu komið út 11 tbl. af Setrinu. Væri það gefið út í um 1000 eintökum hvert. Kostnaðurinn við útgáfuna næmi u.þ.b. 180 þús. króna. Að lokum upplýsti hann að allir í ritnefnd myndu hætta störfum.

Næstur kom **Einar Júlíus Óskarsson** úr skálanefnd. Hann sagði að 6 vinnuferðir hefðu verið farnar á árinu. Farið hefði verið með 2.200 lítra olíutank. Nýja eldavél sem illa gengi að láta virka sem skyldi. Ýmislegt viðhald hefði verið framkvæmt.
Að lokum upplýsti hann að skálanefnd yrði öll í framboði að nýju og þakkaði samstarfið.

Næstur kom **Þorvarður Hjalti Magnússon** úr tækninefnd. Hann sagði fyrst í gamni að tækninefnd hefði starfað á árinu. Logn hefði að mestu verið í tæknimálum nema lítils háttar vandamál með dekk. Annars væri yfirleitt allt í lagi.

Næstur kom **Þórarinn Guðmundsson** úr hjálparsveit. Sagði hann starf hjálparsveitar hafa verið létt á árinu. Neyðarkall hefði að vísu komið úr sumarbústað þar sem Cherokee sem breytt hafði verið hjá Bílabúð Benna var fastur. Einn bíll var sendur að bjarga honum. Þá hefði hjálparsveitin aðstoðað við að ná bíl upp úr Sandkluftavatni.
Hann sagði stefnubreytingu vera á döfinni hjá sveitinni.
Þá sagði hann að mannabreytingar myndu verða og **gömlu mennirnir** myndu hætta.

Næstur kom **Sigurgeir Þórarinsson** frá umhverfisnefnd. Rakti hann starf umhverfisnefndar á árinu. Baggaferð hefði verið farin með Landgræðslunni í haust. Aðalstarfið hefði verið samstarfið með Landmótun. Einnig samvinnunefnd útivistarfélaga og umhverfisnefnd Alþingis. Þá hefði umhverfisnefndin átt fulltrúa á Náttúruverndar og Umhverfisþingi.
Flestir í umhverfisnefnd myndu hætta, einungis 2 myndu starfa áfram.

Fimmti liður var lagabreytingar.

Tillaga var borin upp af **Friðrik Halldórssyni** Hún fjallaði um slit og úrsögn félagsdeildar og meðferð eigna / réttinda.
Tillagan var í 3 liðum. Fyrsti liður yrði 22.gr. um slit og úrsögn félagsdeildar. Annar liður yrði 23.gr. um meðferð eigna félagsdeildar við slit/úrsögn. Þriðji liður yrði 24.gr. um leigu- og afnotasamninga landsbyggðardeildar.

Núverandi grein nr. 22 yrði nr. 25 og23 yrði 26.

Spurning kom frá **Sigurgeir Þórarinssyni** um vísitöluhækkun í 23 gr.
Breytingartillaga kom frá **Gunnari Sighvatssyni** um að í stað vísitöluhækkunar komi hækkunar byggingarvísitölu.
Atkvæðagreiðsla fór fyrst fram um breytingartillöguna og var hún felld á 2/3 reglunni í lögum klúbbsins, en atkæði féllu samt þannig að 40 voru með, en 3 á móti, en 62 manns sóttu fundinn.
Fyrst fór fram atkvæðagreiðsla um 22.gr. og var hún samþykkt samhljóða.
56 greiddu atkvæði með 23.gr. og enginn á móti og 58 með 24.gr. og enginn á móti.

Kaffihlé var gert mill kl. 21.30 og 22.00
Þar var boðið upp á kaffi og kökur í boði klúbbsins.

Sjötti liður var kjör stjórnar, varamanna og fastanefnda.

Fyrst var kosið um varamann í stjórn.
Í kjöri var **Birgir Már Georgsson** og var hann kosinn samhljóða.
Næst var kosið um formann. **Oddur Einarsson** fyrrverandi formaður gaf kost á sér áfram. Ekkert mótframboð kom fram og að sjálfsögðu var hann einnig kosinn samhljóða.
Úr stjórn gengu að þessu sinni **Helgi Valsson** og **Sveinbjörn Halldórsson.**
Tillögur komu upp um **Björn Baldvinsson** og **Þórarinn Guðmundsson.**
Báðir hlutu þeir samhljóða kosningu.

Stjórn Ferðaklúbbsins er því þannig skipuð að þessu sinni:

Oddur Einarsson formaður
Björn Baldvinsson
Sigþór B. Karlsson
Skúli Tryggvason
Þórarinn Guðmundsson

Næst var kosið í ritnefnd.
Út gengu: **Friðrik Halldórsson, Ríkarður Sigmundsson** og **Björn Baldvinsson.**
Í framboði og kosningu hlutu:
Ásgeir Böðvarsson
Halldór Jóhannsson
Rögnvaldur Guðbrandsson.

Skálanefnd gaf öll kost á sér áfram og var hún endurkjörin. Í henni eru:
Arnbjörn Ólafsson
Einar Júlíus Óskarsson
Gunnar Sverrisson
Karl Geir Arason

Kristján Kolbeinsson

Næst var kosið í tækninefnd. Þeir sem ekki gáfu kost á sér áfram voru: **Guðni Ingimarsson** og **Þorvarður Hjalti Magnússon.**
Þeir sem komu nýir inn voru: **Örn Jónsson** og **Eiríkur Jónsson.**
Tækninefnd er því þannig skipuð:

Eiríkur Jónsson
Jónas G. Jónasson
Sigurður Birgir Sigurðsson
Vilhjálmur Freyr Jónsson
Örn Jónsson

Næst var kosið í hjálparsveit. Úr henni gengu: **Gretar Kjartansson**, **Þórarinn Guðmundsson** og **Ægir Bjarnason.**
Í þeirra stað komu: **Kristján Guðmundsson** , **Magnús Halldórsson** og **Steinmar Gunnarsson.**
Hjálparsveit er því þannig skipuð:

Guðmundur L. Kristjánsson
Kristján Guðmundsson
Magnús Halldórsson
Sigurður Jónsson
Steinmar Gunnarsson

Næst var kosið í Umhverfisnefnd. Úr henni gengu: **Bergljót Friðriksdóttir, Gunnar Sighvatsson, Sigurgeir Þórarinsson** og **Þrándur Arnþórsson.**
Í framboði og kosnir voru: **Ásgeir Kristinsson, Gunnar Hróðmarsson, Lára Sigurþórsdóttir** og **Sigurður Helgason.**

Umhverfisnefnd er því þannig skipuð:

Ásgeir Kristinsson
Gunnar Hróðmarsson
Kristín Jónsdóttir
Lára Sigurþórsdóttir
Sigurður Helgason

Endurskoðendur voru áfram í framboði. Þeir eru:

Albert Sveinsson
Ómar Sigurðsson

Sjöundi liður var önnur mál

Fyrst var flutt stjórnartillaga um að stjórninni yrði veitt fullt umboð til að efna til sýningar í septmeber. **Sveinbjörn Halldórsson** kom upp og kynnti það starf sem búið væri að vinna og kynnti kosnaðaráætlun. Reiknað var með innkomu upp á 11,2 milljónir og kostnaði upp á tæpar 8 milljónir þannig að hagnaður yrði hugsanlega upp á rúmar 3,2 milljónir.

Friðrik Halldórsson kom upp og ræddi hvort sýningar séu með of stuttu millibili. Félagsmenn séu þreyttir eftir 2 ár. Hann vill að menn hugsi stöðu mála.

Þórarinn Guðmundsson segist ekki hafa heyrt góðar undirtektir við sýningu. Hinsvegar sé Ferðaklúbburinn 15 ára á næsta ári og því tilefni til **afmælissýningar.**

Oddur Einarsson, sem stóð að tillögu með **Sveinbirni** segist samt fylgjandi sýningarhaldi á 3 ára fresti. Sprengisandsferðin hafi núna tekið mikla orku frá félagsmönnum.

Ingvi Ingvason kom upp og sagði að menn yrðu að hugsa sig um. Síðast hefði undirbúningur byrjað miklu fyrr. Ekki væri ennþá farið að athuga Laugardalshöllina, engin sýningarnefnd væri ennþá skipuð og engin stefnumörkun væri til.

Friðrik Halldórsson taldi rétt að næsta sýning yrði haldin árið 1998. Fyrirtækin þyrftu meiri undirbúningstíma. Hann lagði fram breytingartillögu við fyrri tillögu um að 1997 yrði 1998.

Tillagan með breytingum var borin undir atkvæði og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Þórarinn Guðmundsson kom upp vegna uppgjörs af Sprengisandsferð.
Hann sagði að uppgjör lægi ekki fyrir. Ennþá vantaði uppgjör frá Skeljungi. Einnig vantaði uppgjör vegna símaþjónustu. Samt liti út fyrir að allar áætlanir hefðu staðist. Hagnaður hefði orðið og yrði hann notaður á lokahátíð n.k. föstudagskvöld (9.5.1997). Einnig var rætt um fánakaup og kaup á talstöðvum, en keyptir voru 10 fánar með félagsmerkinu í lit og litlar ferðatalstöðvar.

Sigurgeir Þórarinsson úr umhverfisnefnd bar fram eftirfarandi tillögu: Aðalfundur samþykki heimild til umhverfisnefndar að nota allt að 150.000 kr. til auglýsinga og áróðurs á komandi starfsári.

Einar Júlíus Óskarsson úr skálanefnd bar fram eftirfarandi tillögu: Skálanefnd 4x4 óskar eftir 300 þús. kr. fjárveitingu til reksturs á Setrinu. Einnig fjárveitingu til kaupa á örbylgjuofni í eldhús.Einnig á borðum og stólum og hornsófa í fremristofu,
kr. 250 þús.

Oddur Einarsson ræddi fyrstur tillöguna. Hann sagðist hissa á þessari tillögu. Búið væri að teikna upp og mæla Setrið og yrði sú teikning lögð inn hjá byggingarfulltrúa. Skipulagstillögu vantaði frá arkitekt. Að lokum sagðist hann efast um sófann.

Þórarinn Guðmundsson sagði að Setrið þyrfti orðið viðhald. Félagið ætti talstöðvar sem ekki hefðu virkað sem skyldi og koma þyrfti í lag. Jafnvel þyrfti að greiða manni laun til að fara og lagfæra þær. Hann sagðist sammála örbylgjuofnkaupum og sagðist samþykkur tillögunni.

Einar Júlíus Óskarsson f.h. skálanefnd kom með umorðaða tillögu: Skálanefnd óskar eftir allt að 250 þús. kr. fjárveitingu til kaupa á húsbúnaði.

Friðrik Halldórsson taldi að klára þyrfti ófrágengin mál. Borð í forstofu væru ógeðsleg. Laga þyrfti talstöð. Laga þyrfti eldavél. Ýmislegt væri þarfara en ofn og sófasett.

Ríkarður Sigmundsson sagðist sammála Friðrik með forgang, en vill samt örbylgjuofn og sófa.

Karl Geir Arason úr skálanefnd nefndi ýmis verkefni í sumar, en sagði að ný húsgögn ættu ekki að koma í veg fyrir viðhald.

Oddur Einarsson kom með breytingartillögu við tillögu skálanefndar: Tillaga endi á "í samráði við stjórn félagsins." Þessi tillaga var síðar felld.

Gunnar Sighvatsson kom upp og sagði að stjórnin hafi ekki vit á húsgögnum. t.d. þyrfti húsgagnabólstrara.

Þórarinn Guðmundsson ræddi togstreitu milli skálanefndar og stjórnar. Hann vildi meira traust á skálanefnd.

Oddur Einarsson vill spurningu um forgangsröð hjá skálanefnd. Hann vill hafa puttana í þessu í stað þess að láta allt drabbast niður. Taka þyrfti á alvörumálum á undan sófasetti.

Einar Júlíus Óskarsson ítrekaði að einungis hefði verið sótt um 250 þús. kr.

Gunnar Sighvatsson minnti á að 26 eða 28 hluthafar ættu aðra rafstöð í varahluti í núverandi rafstöð ásamt núverandi vél. Ferðaklúbburinn ætti ekki núverandi vél.

Karl Geir Arason taldi þetta orðna skrítna umræðu. Hann sagðist frábitinn umræðum um eldavél. Skálanefnin hafi hvergi komið nærri kaupum á henni.

Oddur Einarsson upplýsti að síðasti aðalfundur hafi samþykkt eldavélakaupin og skálanefndin sá um kaupin.

Þessu næst fór tillaga skálanefndar í atkvæðagreiðslu. Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum og enginn á móti.

Þessu næst kom fram tillaga um óbreytt félagsgjald: 3.000 kr.
Það var samþykkt samhljóða.

Þórarinn Guðmundsson sagði að á síðustu árum hefði hjálparsveitin fengi vilyrði um styrk. Síðast var hann notaður 1995 v/kaupa á einu dekki á móti framlagi frá Bílabúð Benna.
Hann fór fram á endurnýjun á vilyrði á 100 þús. kr. styrk til varahlutakaupa og viðgerða og 100 þús. kr. til kaupa á búnaði sem geymdur yrði í Mörkinni. T.d. vanti nýjan álkall og spilvír.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

Friðrik Halldórsson kom upp og þakkaði fráfarandi stjórn og nefndi að Sprengisandsferðin hefði verið toppurinn á starfsárinu.
Hann þakkaði **Oddi Einarssyni** sérstaklega.
Hann sagði að næsta ár yrði líklega "ár félagatalsins."

Þórarinn Guðmundsson kom upp og þakkaði **Friðrik Halldórssyni** fyrir frábært kvöld.

Jón Bergsson frá Suðurlandsdeild kom upp og ræddi sumarhátíð á Kirkjubæjarklaustri. Suðurlandsdeild hefði byrjað undirbúning, en Reykjavíkurdeidin hefði yfirtekið hátíðina.
Hann vill að eignir landsdeilda afskrifist á löngum tíma frá aðaldeild.
Hann sagðist undrandi á Sprengisandsferð. Hvað fær klúbburinn út úr henni. (eingöngu veislu). Hann vill að eitthvað sé gert við slíkt fjármagn, en ekki stofnaðir hliðarklúbbar.
Að lokum fagnar hann nýrri stjórn og þakkaði **Oddi Einarssyni.**

Þórarinn Guðmundsson svaraði **Jóni Bergssyni**. Sprengisandsferðin hafi verið farin í nafni Ferðaklúbbsins. 4 fyrirtæki hafi styrkt ferðina, en Ferðaklúbburinn væri í forsvari. Kostnaðaráætlun hafi verið upp á 1,5 milljónir. Þátttökugjald hafi verið 5.000 kr. á bíl. Matur og gisting hafi verið greidd, bæði í Nýjadal og Akureyri, þar sem K.A. heimilið hafi verið notað, en þar gistu þó aðeins 40 til 50 manns. Vinnubílar hafi fengið eldsneyti og undirbúningsferð hafi verið farin. Kostnaður við það hafi veri um 550 þús. Eldsneytis og matarkostnaður hafi verið minni en áætlað var, og þeim mismun væri eytt í veislukostnað.

Jón Bergsson var ekki sammála og sagðist hafa önnur gögn frá stjórn.

Albert Sveinsson benti á að enn vantaði uppgjör, sem að færa þyrfti inn í reikninga klúbbsins.

Oddur Einarsson þakkar traust og hlý orð. Hann minntist á tilvistarkreppu og að halda þyrfti stefnumörkunarfund, en slíkur var haldinn fyrir 3 árum. Framundan verður annasamt ár. Næsta ár verður klúbburinn 15 ára og Setrið 10 ára.
Áherslu þyrfti að leggja á námskeiðahald.
Leggja ætti meiri áherslu á sumarhátíð, sem verður 2 helgum fyrir verslunarmannahelgi, en lögð yrði ninni áhersla á fjölskylduhátíð, sem haldin verður í Setrinu, en undanfarin ár.
Þá vill hann sjá sem flesta á júnífundinum.

Albert Sveinsson þakkar fundarmönnum og fékk samþykki fyrir að fundarritari lyki við fundargerð eftir aðalfund.

Reykjavík 9. mai 1997

Unnið eftir minnispunktum og gögnum frá aðalfundi

Ólafur Ólafsson